

# STJÓRNARTÍÐINDI A 2 – 2004

Nr. 2

2

26. janúar 2004

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er farinn til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 26. janúar 2004.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

Nr. 3

1. febrúar 2004

## REGLUGERÐ

### um Stjórnarráð Íslands.

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Að vér, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, staðfestum svohljóðandi reglugerð um Stjórnarráð Íslands:

1. gr.

Stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti eftir ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

*Forsætisráðuneyti* fer með mál, er varða:

1. Stjórnskipan lýðveldisins og stjórnarfar almennt.
2. Embætti forseta Íslands og embættisbústað.
3. Ríkisráð Íslands.